



Lög Samtaka um kvænnaathvarf

1.gr. Félagið heitir Samtök um kvænnaathvarf

2.gr. Heimili samtakanna og varnarþing er í Reykjavík

3.gr. Markmið samtakanna er;

1. Að reka athvarf, annars vegar fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs, líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis í nánnum samböndum og hins vegar fyrir konur sem hefur verið nauðgað.

2. Að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi meðal annars til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þau er slíku ofbeldi eru beitt.

4.gr. Í Kvænnaathvarfinu skal vera gistaðstaða, símaþjónusta og starfsfólk sem veitt geta konum sem þangað leita umönnun, upplýsingar og stuðning. Dvöl í athvarfinu er ætluð til skamms tíma. Nafnleynd skal viðhöfð um þá einstaklinga sem leita til athvarfsins eða hringja þangað. Félagsmenn, starfsfólk, stjórn samtakanna og konur sem dvelja í athvarfinu eru bundin þagnarskyldu. Þagnarskylda skal virt eftir að starfi eða dvöl í athvarfinu lýkur.

5.gr. Félagar í Samtökum um kvænnaathvarf geta þeir einstaklingar orðið sem styðja markmið samtakanna og greiða árgjald. Skuldlausir félagsmenn hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundum og á aðalfundi. Þau félagasamtök sem styðja markmið samtakanna geta orðið styrktarfélagar enda greiði þau árgjald.

Fulltrúar styrktarfélaganna hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum og á aðalfundi.

6.gr. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl ár hvert og til hans boða skriflega með dagskrá með tveggja vikna fyrirvara hið minnsta. Aðalfundur samtaka um Kvennaathvarf er jafnframt aðalfundur sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundur settur, kosning fundarstjóra og ritara
2. Ársskýrsla athvarfsins kynnt og lögð fram til umræðu
3. Ársreikningar samtakanna og sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins lagðir fram til umræðu og samþykktar
4. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs lögð fram
5. Skýrsla stjórnar
6. Lagabreytingar
7. Ákvörðun árgjalda
8. Ákvörðun stjórnarlauna
9. Kosningar stjórnar og skoðunarmanna samkvæmt 7.grein
10. Önnur mál

Reikningsár samtakanna skal vera almanaksárið.

7.gr. Stjórn samtakanna skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Á aðalfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn það ár sem ber oddatölu en þrír það ár sem ber slétta tölu, ennfremur skulu kosnir til eins árs í senn tveir varamenn til stjórnar, svo og tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.

8.gr. Á aðalfundinum skal einnig kjörin til tveggja ára stjórn sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins. Er formaður stjórnar samtaka um Kvennaathvarf einn þeirra en að auki kýs aðalfundur tvo aðra stjórnarmenn. Varastjórn sjálfseignarstofnunar er skipuð einum stjórnarmanni samtaka um Kvennaathvarf og tveimur félagsmönnum að auki, kjörnum á aðalfundi.

9.gr. Eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund skal stjórn skipa þrjá félagsmenn í uppstillingarnefnd sem tryggir framboð til stjórnarkjörs. Tillögur nefndarinnar skulu liggja frammi á skrifstofu samtakanna tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu félagsmenn skila tillögum sínum þangað eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

10.gr. Stjórn skiptir með sér verkum. Hún markar stefnu samtakanna, hefur eftirlit með fjárreiðum og rekstri þeirra og fer með æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda. Stjórn skal undirbúa aðalfund og aðra félagsfundi.

11.gr. Stjórn ræður framkvæmdastýru Kvennaathvarfs. Önnur mannaforráð heyra undir framkvæmdastýru. Framkvæmdastýra, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og sér um að stefnu sem stjórn markar sé framfylgt.

12.gr. Enginn skal sitja sem aðalmaður í stjórn samtakanna lengur en sex ár samfelld. Stjórn starfar skv starfsreglum og starfsáætlun sem endurskoðaðar skulu reglulega.

13.gr. Félagsfundir skulu haldnir þegar þörf krefur eða þegar tveir stjórnarmenn, endurskoðandi eða að minnsta kosti tuttugu félagsmenn óska þess. Á félagsfundum má fjalla um öll þau mál er samtökin varða. Til félagsfunda skal boða skriflega með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara.

14.gr. Lögum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundi og til þess þarf atkvæði 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar þurfa að berast stjórn fyrir 15.mars. Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja fundarboði.

15.gr. Komi til slita á samtökunum skal samþykka það á aðalfundi með atkvæðum 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Eignum samtakanna skal þá varið í samræmi við markmið þeirra eða skyld markmið.

(Samþykkt á aðalfundi 27.maí 2015)

